

Vegagerðin
Magnús Björnsson
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

2006050023
7620; 9310

Reykjavík, 2. júní 2006

Efni: Hringvegur, Ármótasel - Skjöldólfsstaðir 2, Fljótsdalshéraði. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 5. maí 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um breytingar á Hringvegi milli Ármótasels og Skjöldólfsstaða 2 á Fljótsdalshéraði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fljótsdalshéraðs, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Umsagnir bárust frá Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 19. maí 2006, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 19. maí 2006, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 11. maí 2006 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 19. maí 2006. Umsögn barst ekki frá Fljótsdalshéraði. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfum dags. 15. og 26. maí 2006.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Vegagerðin fyrirhugar að byggja nýjan veg á 8 km kafla frá enda Háreksstaðaleiðar norðan við Víðidalssá niður að Skjöldólfsstöðum 2 í Jökuldal. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði 7,5 m breiður með 90 km hönnunarhraða. Í tengslum við framkvæmdina verður sett stórt ræsi ofarlega í farveg Gilsár og minni ræsi þar sem búast má við rennandi vatni. Áætluð efnispörf í verkið er 388.000 m³ og verður efni að mestu leyti tekið úr vegskeringum en einnig úr þremur námum í landi Arnórsstaða og Gilsár. Úr skeringum er gert ráð fyrir að fáist um 340.000 m³ af efni en ólíklegt er talið að allt efnið nýtist til framkvæmdanna. Gert er ráð fyrir að tekið verði um 50.000 m³ af efni úr námum en að hámarki geti það orðið 120.000 m³ en efni hefur verið tekið úr öllum námunum áður.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja greiðari samgöngur og auka umferðaröryggi á Hringvegi á milli Akureyrar og Egilsstaða. Með nýja veginum styttest leiðin milli Akureyrar og Egilsstaða um 1,5 km auk þess sem hættulegar brattar brekkur og krappar beygjur verða aflagðar.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið.

Áhrif á núverandi landnotkun. Í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að

fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa áhrif á landnotkun á svæðinu þar sem vegurinn liggir um beitarlönd og um tún Skjöldólfsstaða 2 á um 170 m kafla. Fram kemur að girt verði meðfram vegsvæði að framkvæmdum loknum.

Áhrif á ásýnd lands. Í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að framkvæmdin hafi áhrif á landslag þar sem veglínan fari um óraskað gróið land. Fram kemur að náma A sé fast upp við veginn og sjáist því nokkuð en gamall vegstubbur við hana verði fjarlægður. Náma B, malarhjalli austan við Gilsá, sjáist lítið frá vegi. Náma C sé við núverandi veg. Fram kemur að gengið verði frá vegsvæði þannig að vegur falli vel að landi.

Áhrif á gróður og fugla. Í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að nokkuð rask verði á gróðri í vegsvæðinu en vegurinn fari um gróið mólendi sem sé óraskað og litla votlendisbletti og muni því skerða votlendi. Gert sé ráð fyrir því að endurheimta jafnstórt votlendi og það sem skerðist við framkvæmdina. Vegagerðin álitur að framkvæmdin muni hafa hverfandi áhrif á vatnsbúskap á svæðinu. Reynt verði að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar og námur verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefji. Sáð verði í námur, vegkanta og vegfláa á grónu landi, gróðurtegundum sem henti fyrir svæðið og skeri sig ekki úr umhverfinu. Fram kemur að Vegagerðin muni græða upp jafn stórt svæði og það sem skerðist vegna framkvæmdanna í samráði við landeigendur. Fram kemur að framkvæmdin geti haft tímabundin truflandi áhrif á mófugla meðan á framkvæmdum standi. Búsvæði fugla muni skerðast lítillega en reiknað sé með að áhrifin verði óveruleg.

Áhrif á menningarminjar. Í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að veglínan liggir í nágrenni við Ármótasel en leifar bygginga sjáist þar greinilega. Ummerki um forna byggð sjáist rétt sunnan við bæjarþorpið. Veglínan muni ekki hafa áhrif á bæjarþorpið við Ármótasel en liggir aftur á móti yfir eða rétt við tóftir fjárhúsa við ármót Gilsár og Víðidalsár. Fornleifafræðingur verði fenginn til að rannsaka tóftir fjárhúsanna áður en framkvæmdir á þeim stað hefjast. Í útboðsgögnum verði lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðisins.

Snjósöfnun og snjóflóðahætta. Í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að vitað sé að snjóflóð falli úr Skjöldólfsstaðahnjúk og sé vitað til þess að stöku flóð hafi náð niður að Gilsá. Miðað við upplýsingar frá heimamönnum um snjóflóð á svæðinu megi gera ráð fyrir því að flóð nái niður á veg á um það bil 15 til 25 ára fresti. Erfiðlega hafi gengið að tímasetja flóð sem gætu hafa náð niður á vegsvæði. Útreikningar sýni að líkurnar á því að bíll lendi í snjóflóði á þessum kafla séu afar litlar. Samanburður á gróðri sunnan og norðan megin við Gilsá bendir til þess að meiri snjór sé norðan við ána og beri það saman við upplýsingar heimamanna. Gróðursamsetning bendir þó til þess að snjósöfnun sé ekki mjög mikil þar sem fyrirhugað sé að leggja veginn. Vegi og vegrásur verði þannig hátt að snjósöfnun verði sem minnst og líkur á að snjóflóð nái inn á veg séu sem minnst. Núverandi vegur um Arnórsstaðamúla verði látinn standa áfram þannig að hægt verði að beina umferð þangað ef aðstæður krefjist þess.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Allir umsagnaraðilar telja að fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun bendir á að á milli stöðva 4.500-8.000 verði umtalsverðar skeringar og fyllingar. Á þessum stað gæti vegurinn skorið sig verulega úr landi ef ekki tekst vel til um aðlögun skeringa að öröskuðu landi, halla þeirra og útliti þess gróðurs sem

fyrirhugað sé að rækta upp á vegsvæðinu. Við frágang náma hefði átt að taka mið af framtíðar efnisþörf á því svæði sem hér um ræði, þ.e. hvort unnt væri að loka og ganga endanlega frá einhverjum þeirra náma sem nýttar verði. Væntanlega verði ekki mikil þörf fyrir fyllingaefnisnámur á því svæði sem hér um ræðir að þessari framkvæmd lokinni. Að mati Umhverfisstofnunar eigi að leitast við að fella efnistökusvæði eins vel að landi og kostur sé. Jafna ætti út núverandi veg frá vegamótum Jökuldalsveggar að Ármótaseli, þar sem ekki sé sýnilegur tilgangur með varaleið á þessum stað.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að gengið verði frá námum A og B með fláa í halla 1:3 en báðar námur séu á nokkuð jöfnu landi. Halli fláa í námu C verði svipaður og núverandi halli í námunni sem sé í samræmi við óskir Umhverfisstofnunar. Verið sé að kanna hvort nokkur ástæða sé til annars en að loka námum A og C og ganga endanlega frá þeim að framkvæmd lokinni en gera megi ráð fyrir að náma B verði notuð síðar. Við frágang á skeringum og fyllingum verði reynt að nýta ofanafýting við frágang og við sáningu verði reynt að notast við tegundir sem henti fyrir svæðið og skeri sig ekki úr umhverfinu. Ekki sé ráðlegt að fjarlægja núverandi veg um Arnórsstaðamúla að svo stöddu. Ástæðan sé hætta á snjóflóðum úr Skjöldólfsstaðahnjúk og snjósöfnun. Heimamenn hafi lýst yfir áhyggjum af þessum þáttum og því telji Vegagerðin rétt að láta núverandi veg standa þar til reynsla sé komin á þessa þætti. Verði ekki talin þörf á að halda núverandi vegi síðar meir verði hann jafnaður út.

Áhrif á votlendi. Umhverfisstofnun bendir á að í kynningarskýrslu hefði átt að gera grein fyrir stærð þess votlendis sem raskað verði og hversu stórt svæði verði endurheimt.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að ekki hafi gefist tækifæri til þess að meta stærð votlendisbletta á svæðinu þó stærð stærstu bletta hafi verið metin eftir loftmynd. Stærð votlendis verði metin nú í vor svo hægt verði að endurheimta jafnstórt votlendi og það sem raskist. Vegagerðin muni hafa samráð við Umhverfisstofnun um endurheimt votlendis og frágang svæðisins að framkvæmdum loknum.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að tóftir fjárhúss frá Arnórsstöðum muni lenda undir veginum. Mæla þurfi rústina upp og teikna hana. Einnig þurfi að grafa könnunarskurð í rústina til að kanna gerð rústarinnar, rannsaka mannvistarlög í og við hana og ganga úr skugga um hvort undir henni leynist eldri mannvirki. Niðurstöður rannsóknarinnar gætu leitt til þess að ráðast þyrfti í frekari rannsóknir.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að Vegagerðin hafi rætt við Fornleifastofnun Íslands um rannsóknir á fjárhússtöftinni og sé Fornleifastofnun að vinna í að fá rannsóknarleyfi frá Fornleifavernd og sé stefnt að því að rannsóknir fari fram fyrstu vikuna í júní.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða nýjan 8 km vegarkafila á Hringvegi milli Ármótasels og Skjöldólfsstaða 2 á Fljótsdalshéraði. Veglínan mun færast talsvert til á þessum kafla og liggja norðan við Gilsá frá Ármótaseli og niður að Skjöldólfsstöðum 2 í Jökuldal. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði á ásýnd lands þar sem nýr vegur kemur til með að liggja þar sem engin vegur var áður en að áhrif þess verði ásættanleg. Að mati stofnunarinnar er ekki líklegt að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði veruleg þegar til lengri tíma er litið. Skipulagsstofnun telur jafnframt brýnt að

Vegagerðin fylgi þeirri tilhögun við framkvæmdirnar sem kynntar hafa verið í framlögðum gögnum um frágang skeringa, fyllinga og efnistökusvæða og beini því sérstaklega til verktaka að öllu raski verði haldið í lágmarki og reynt verði eftir föngum að má út ummerki rasks í verklok. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni hafa í för með sér jákvæð áhrif á samgöngur og umferðaröryggi. Skipulagsstofnun bendir á að nauðsynlegt er að niðurstaða fyrirhugaðra fornleifarannsókna á fjárhúsrústum og samþykki Fornleifaverndar ríkisins liggi fyrir áður en hróflað verður við fornleifinni sem lendir undir veginum. Samkvæmt framlögðum gögnum Vegagerðarinnar verður jafnstórt votlendi endurheimt og það sem mun raskast við framkvæmdina og verður haft samráð við Umhverfisstofnun um endurheimt votlendis og frágang svæðisins að framkvæmdum loknum. Skipulagsstofnun telur því að áhrif framkvæmdarinnar á votlendi séu ekki líkleg til að vera verulega neikvæð.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að framkvæmdir við Hringveg milli Ármótasels og Skjöldólfsstaða 2 á Fljótsdalshéraði séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fljótsdalshéraðs skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Ekkert aðalskipulag er í gildi á framkvæmdasvæðinu og þarf því sveitarstjórn að óska eftir meðmælum Skipulagsstofnunar á grundvelli 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga, áður en framkvæmdarleyfi er veitt. Efnistaka og uppsetning vinnubúða er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf Vegagerðin að leggja fram áætlun um efnistöku skv. 48. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. júlí 2006.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit. Umhverfisráðuneytið, Fljótsdalshérað, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Umhverfisstofnun og Veðurstofa Íslands.

